

Fréttabréf

Lífeyrisdeildar Sameykis

1. tbl. 4. árg. apríl 2022



Vorhátíð

Miðvikudaginn 27. apríl 2022, kl. 13 - 16

Framheimilið í Safamýri

Lífeyrisdeild Sameykis ætlaði að halda haustfagnað sl. nóvember en vegna Covid smita í samfélaginu var því frestað. Margir sem áttu miða óskuðu ekki eftir að fá endurgreitt og eiga því inneign. Ef tímasetning vorhátíðar passar ykkur þá hafið samband við skrifstofu.

Við bjóðum nú til vorhátíðar fyrir alla félagsmenn deildarinnar.

Boðið verður upp á lambalæri og meðlæti, kaffi og konfekt.

Á dagskrá verður: Lífið er spuni – það er ekkert handrit, Dóra Jóhannsdóttir leikari. Grímur Sigurðsson kemur og spilar á gítar og stjórnar samsöng.

Verð 3.000 kr. á mann.

Skráning á vorfagnaðinn er gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins á vefsíðunni www.sameyki.is eða á skrifstofu Sameykis, s. 5258330/5258340.

Félagsmenn mega bjóða einum gesti með á Vorhátíðina.

Athugið að greitt er fyrir matinn um leið og fólk skráir sig.

Síðasti dagur til að skrá sig er 22. apríl 2022.

Aðalfundur Lífeyrisdeildar Sameykis

17. maí kl. 14

að Grettisgötu 89, 1. hæð.

Dagskrá fundarins var samkvæmt starfsreglum deildarinnar.

1. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemina á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar deildarinnar fyrir síðastliðið ár.
3. Gerð grein fyrir störfum og reikningum símenntunarsjóðs.
4. Tekin ákvörðun um tillögur til breytinga á starfsreglum deildarinnar.
5. Kosnir tveir skoðunarmenn félagsreikninga.
6. Önnur mál.

Verið velkomin á aðalfund Lífeyrisdeildar Sameykis



Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu. Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember.

Frestur til að senda inn umsóknir í vor er 10. maí.

Félagsmenn geta fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis www.sameyki.is eða senda á sameyki@sameyki.is. Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.

Taktu þátt í gönguklúbbi!

Gönguklúbbur lífeyrisdeildarinnar gengur af krafti allan veturinn og allir félagar í deildinni eru velkomnir, ásamt gestum.

Hægt er að fylgjast með göngunum á facebook síðu klúbbsins undir nafninu Grjótharðir göngugarpar.

Gönguhópurinn verður með gönguferðir fram til 18. maí og hefur svo störf aftur í byrjun september.

Hópurinn hittist alla miðvikudaga og gengur saman á milli kl. 10:30-11:30 á fjórum stöðum til skiptis sem eru:

- 1) Laugardalslaug (anddyri).
- 2) Vesturbæjarlaug / Hofsvallagata.
- 3) Árbæjarsafn, nyrðra bílastæði.
- 4) Skógræktin, Fossvogi (neðan Borgarspítala).



Merktu við miðvikudagana á dagatalinu og komdu með í þægilega hreyfingu í góðum félagsskap. Allir velkomnir. Sjá inn á vef Sameykis.is og á facebook síðu gönguklúbbsins.

Jónsmessuferð

Stjórn Lífeyrisdeildar Sameykis er nú að fara af stað með að skipuleggja ferð í kring um Jónsmessuna. Frekari upplýsingar verða sendar þegar nær dregur. Fylgist með.

Ertu ekki örugglega vinur okkar á facebook?



Orlofshús og orlofstilboð



Félagsfólk í lífeyrisdeild getur sótt um orlofshús, fyrir utan 7 vikna tímabili yfir hásumarið þegar flestir sem eru í starfi sækjast eftir orlofshúsum, þegar leikskólar og grunnskólar eru lokaðir. Þetta er á tímabilinu 17. júní til 5. ágúst 2022. En önnur tímabil standa félagsfólki í lífeyrisdeild opin eins og öðru félagsfólki.

Orlofssjóður býður upp á ýmsa kosti fleiri en orlofshús, við hvetjum ykkur til þess að skoða orlofsvefinn á sameyki.is þar eru upplýsingar um gjafabréf í flug, ferðaávísanir, veiðikort og ýmislegt fleira.

Viltu vera með?

Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir lífeyrisdeild eða hafa samband við skrifstofu sameyki@sameyki.is eða í síma 525 8330. Láttu vini og félagamenn sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig!



Fréttabréf Lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu
Áb.maður: Þórarinn Eyfjörð - Umsjón: Ingibjörg Óskarsdóttir
Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu
Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík 5258330/5258340 - sameyki@sameyki.is